



GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Tálknafjarðarhrepps

1. gr.

Vatnsgjald Vatnsveitu Tálknafjarðarhreppshrepps er 0,25% af fasteignamati íbúðarhúsa sem tengd eru vatnsveitunni sem falla undir A flokk en 0,50% af fasteignamati atvinnuhúsnæðis sem falla undir B og C flokk.

2. gr.

Vatnsgjald skv. 1. gr. skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps 12. desember 2012 og öðlast þegar gildi.

Tálknafirði 10. janúar 2013.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, oddviti.